

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 6. mars 1989

um breytingu á II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum

(89/186/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/895/EBE frá 23. nóvember 1976 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/298/EBE ⁽²⁾, einkum 5. gr.,með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 5. gr. tilskipunar 76/895/EBE er mælt fyrir um að viðaukunum við hana skuli breytt einkum með tilliti til framfara í tækni og vísindum og krafna sem gerðar eru í heilbrigðis- og landbúnaðarmálum.

Í ljósi aukinnar vísinda- og tækniþekkingar er við hæfi að II. viðauka við áður nefnda tilskipun sé breytt til samræmis við nýjustu þekkingu með því að auka við hann upplýsingum um varnarefnið malínhýdrasíð, en leifar þess kunna að fyrirfinnast í ávöxtum og matjurtum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi varnarefnaleifum ásamt viðeigandi upplýsingum skal bætt við töfluna í II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE:

Varnarefnaleifar		Hámarksmagn (í mg/kg (ppm))
Almennt heiti	Efnaformúla	
malínhýdrasíð	6-hýdroxý-3(2H)-pýrídásínón	10: Laukar 1: Aðrar afurðir

2. gr.

Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að ákvæðum 1. gr. eigi síðar en 1. ágúst 1989. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. mars 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

C. ROMERO HERRERA

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 340, 9. 12. 1976, bls. 26.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 126, 20. 5. 1988, bls. 53.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 95, 16. 4. 1982, bls. 6.